

Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar

1. gr.

Heiti félagsins er Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar, skammstafað STDB.

2. gr.

Aðeins starfsmenn Dalvíkurbyggðar eiga rétt til inngöngu í STDB.

3. gr.

Nýjum starfsmönnum skal afhenda starfsreglur félagsins við ráðningu. Allir starfsmenn Dalvíkurbyggðar gerast sjálfkrafa félagar við ráðningu. Kjósi starfsmenn að vera utan félagsins skulu þeir tilkynna það skriflega til launafulltrúa Dalvíkurbyggðar.

4. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- auka ánægju og samkennt starfsmanna Dalvíkurbyggðar og auka tilfinningu starfsmanna fyrir Dalvíkurbyggð sem einni heild og samstarfi milli stofnanna.
- stuðla að bættum starfsanda meðal starfsmanna sem stjórn tekur ákvarðanir um.
- halda árshátíð starfsmanna eða aðrar skemmtanir.

5. gr.

Launafulltrúa Dalvíkurbyggðar er heimilt að innheimta gjald af hverjum félagsmanni sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Nýir félagsmenn öðlast réttindi strax en þeim starfsmönnum sem hafa kosið að vera utan félagsins gefst þó kostur á að gerast félagi síðar með skriflegri tilkynningu til launafulltrúa. Þá skulu félagsgjöld viðkomandi vera afturkræf frá síðustu áramótum þess tíma. Launafulltrúi heldur utan um félagatal.

Starfsmönnum Dalvíkurbyggðar, sem ekki eru félagsmenn í STDB, gefst samt kostur á að taka þátt í árshátíð og/eða öðru því sem stjórnin efnir til með því að greiða gjald í hvert sinn er nemur raunkostnaði á hvern þátttakanda. Félagar í STDB skulu þó ávallt ganga fyrir.

6. gr.

Sé starfsmaður ekki félagsmaður í STDB nýtur hann ekki niðurgreiðslna félagsins á skemmtunum eða öðrum upptökum þess. Starfsmannasjóðurinn stendur ekki undir

kostnaði vegna afmælisgjafa og/eða annarra gjafa til starfsmanna. Félagsmanni er óheimilt að framselja aðgang sinn á skemmtun á vegum STDB.

Við gerð fjárhagsáætlunar Dalvíkurbyggðar ár hvert skal gera ráð fyrir ákveðinni fjárhæð á hvern starfsmann, nú fyrst kr.xxxx á hvern starfsmann, vegna niðurgreiðslu á kostnaði vegna þátttöku í skemmtunum á vegum STDB.

Vegna skemmtana STDB fær félagið húsnæði í eigu sveitarfélagsins á leigu án endurgjalds með öllum þeim búnaði og tækjum sem eru á hverjum stað.

7. gr.

Tilnefna skal í fyrstu stjórn félagsins af bæjarráði Dalvíkurbyggðar. Eftir það skal tilnefna í stjórn félagsins á aðalfundi félagsins. Á aðalfundinum skal leggja fram ársreikning og kjósa stjórn félagsins. Hver stjórnarmaður skal sitja í stjórn til að minnsta kosti tveggja ára.

Stjórnin skal skipuð 5 fulltrúum. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs formann og gjaldkera félagsins. Stjórn félagsins skal vinna að markmiðum félagsins og fer með umboð félagsmanna gagnvart vinnuveitanda í þeim málum er varða félagið.

Aðalfund skal boða félagsmönnum með minnst einnar viku fyrirvara. Sé fundur boðaður á löglegan hátt telst hann löglegur.

8. gr.

Stjórn STDB er skylt að halda fund ef 1/10 hluti félagsmanna æskir þess. Ósk þess efnis skal bera fram skriflega.

9. gr.

Reglum þessum má einungis breyta á aðalfundi félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til Dalvíkurbyggðar.

Samþykkt á aðalfundi STDB 12. apríl 2016